



Stjórn SSH 405. fundur

Mánudaginn 1. September 2014 kl. 12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðný Ívarsdóttir, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Haraldur Sverrisson og Haraldur Líndal Haraldsson.

Fjarverandi: Gunnar Einarsson og Ármann Kr. Ólafsson

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Framtíðarstaðsetning Reykjavíkurborgarflugvallar.

Þorsteinn Hermannson hjá verkfræðistofunni Mannvit mætti á fundinn og gerði grein fyrir meginforsendum í vinnu Stýrihóps um sameiginlega athugun ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group á flugvallarkostum, og stöðu verkefnisins.

2. Innri endurskoðun byggðasamlaganna

Á fundinn mætti Ólafur Kristinsson formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og gerði grein fyrir hlutverki og starfi nefndarinnar sem og eðli og tilgangi innri endurskoðunar og innra eftirlits.

Niðurstaða:

Stjórn óskar eftir því að starf og hlutverk nefndarinnar verði kynnt fyrir stjórnnum byggðasamlaganna.

3. Sóknaráætlun 2013 og 2014.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu ofangreindra verkefna.

Fyrir lá kostnaðaruppgjör vegna vinnu við 16 verkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013, sem og greinargerð um framvindu þessara verkefna og niðurstöður þeirra

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að senda ofangreint sem lokauppgjör verkefnisins til stýrihóps sóknaráætlana og óska eftir lokagreiðslu á framlagi ríkissjóðs skv. samningi. Jafnframt var samþykkt að sérstök kynning verði á niðurstöðu verkefnaflokks I, „Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins“ sem fyrst, og að niðurstöður verkefnanna verði sendar aðildarsveitarfélögunum og kynntar á aðalfundi SSH 24. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:15